

Lífsreynsla Grikkja lýsandi dæmi um örlög smáþjóðar sem gengur inn í fjölmennt ríkjabandalag

Eftir Styrmi Gunnarsson

Það hefur verið fróðlegt - ekki sízt fyrir þegna smáþjóða - að fylgjast með átökum Grikkja og annarra evruríkja, sem í raun hafa verið átök á milli Grikkja og Þjóðverja. Í þessum átökum hafa endurspeglast þeir djúpu breistir, sem komnir eru í samstarfið innan evruríkjanna og þar með innan Evrópusambandsins.

Það hefur verið augljós munur á afstöðu ráðandi ríkja innan ESB til Grikkja og ýmissa annarra aðildarríkja.

Þjóðverjar ráða ferðinni. Þeir hafa augljóslega viljað ganga langt í að knýja Grikki til uppgjafar.

Miðjarðarhafsríkin skilja Grikki betur og þó að það eigi fyrst og fremst við um Ítali fer ekki á milli mála að í hjarta sínu standa Frakkar nálægt Grikkjum, þótt aðrir hagsmunir þeirra ráði því að þeir ganga ekki beint gegn Þjóðverjum. Spánverjar halda sig til hlés af eiginhagsmunaaástæðum en standa nærri Grikkjum.

Það á við um samskipti þjóða eins og í mannlífinu að þeir sem fátækari eru láta ekki fara með sig yfir viss mörk.

Þótt Þjóðverjum hafi tekizt að tugta Grikki til á fundinum í Brussel í gærkvöldi var það ekki nema upp að vissu marki. Og sú tugtun kann að sækja Þjóðverja heim síðar.

Það er ekki hægt að halda ríkjabandalagi saman með þvingunaraðgerðum. Það springur að lokum.

Lífsreynsla Grikkja að undanförmu er lýsandi dæmi um örlög smáþjóðar sem gengur inn í slíkt samstarf í góðri trú.

Og hvað þá um örþjóð?!